


Besta útgáfan af sjálfum mér

þarf heilt þorp til að ala upp barn



Markmið verkefnisins:

- Markmið var að fá nemendur til að að trúá á eigið ágæti og líða vel í eigin skinni. Samkvæmt niðurstöðu skólapúlsins hafa nemendur Stóru-Vogaskóla minni trú á sér en jafnaldrar á landinu. Við höfum farið í átaksverkefni sem skilað hefur árangri til styttri tíma. Nú þurfum við að horfa til lengri tíma. Að sama skapi kemur fram í skólapúlsinum að foreldrar hafi ekki trú á getu barna sinna til náms. Þetta þarf að vinna með og hyggjumst við í því samgengi fá foreldra og forráðamenn með okkur í lið til að byggja upp trú nemanda á sjálfum sér.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

- Fengrir voru utanaðkomandi fyrirlestrar og var farið í mikla vinnu með kennarahópinn. Þar var m.a. unnið með efni frá KVAN. Áhersla var lögð á að bæta upplýsingagjöf heim á foreldra og virkja þá í að vinna með okkur og upplýsa þá um stöðu nemenda. Mikið unnið einstaklingslega með nemendur og þeim hjálpað að setja sér markmið. Vorum fljót að bregðast við að vinna í líðan og sértaklega var fylgst með stelpum sem eiga að til að láta sig hverfa.

Frávik miðað við upphaflega áætlun verkefnisins:

- Samskipti við foreldra hafa í einhverjum tilfellum verið meiri en áður en við hefðum gjarnan viljað ná til fleiri.
- Covid-19 setti strik í reikinigin.
- Veikindi hjá starfsmanni KVAN dró tímaáæltun.
- Skólaping og vorhátið féll niður vegna samkomubanns.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

- Ná til samfélgisins um að mæta í skólann og taka þátt í verkefninu.

Helsti ávinningar af vinnu við verkefnið:

- Var að fá skólasamfélagið til að vinn í takt og hafa sömu væntingar til nemenda okkar.
- Halda okkur á tánum, að þetta sé ekki átaksverkefni heldur langhlaup.
- Jákvæð atriði eru að við fórum að vinna betur í ýmsum, ótengdum málum er snúa að líðan nemenda. Vorum duglegri að einstaklingsmiða nám og meðvitaðri um að vinna eftir markmiðum.
- Meiri samskipti heim.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Erum að vinna í rétta átt og mjög mikilvægt að halda áfram að vinna í þessum málum.
- Covid hafði áhrif á vinnuna, en við munum halda áfram að vinna að markmiðum þessa verkefnis.

Niðurstöður verkefnisins:

- Verður mælanleg í haust þegar við gerum könnun í skólapúlsi.
- Höfum séð að nemendum líður betur og hafa meiri trú á sér. Erum með líðankannanir tvisvar á ári og komu þær mjög vel út í vor.
- Allir nemendur fengu viðkenningarskjal í skólalok um í hverju þau eru góða, allir eru góðir í einhverju.
- Voru mjög góðir fyrirlesarar sem komu til okkar sem eru jákvæðar og góðar fyrimyndir. T.d Jón Jónsson.
- Eyjólfur Jónsson Sálfræðingur kom og ræddi við nemendur og foreldra, og var talað um hvað það var gott að hann ræddi við nemendur, kennara og foreldra. Með því náðum við að allir töluðu sama mál og það sem hann var að ræða var líka rætt heima um kvöldið og síðan í skólanum. Eitthvað form á fyrirlestrum sem við vinnum áfram með.
- Á KVAN námskeiði var unnið með markmið verkefnisins. Fyrra skiptið var það námskeiðið þar sem var lagt áhersla á hvað við erum að gera með unga fólkini ásamt því að fara yfir rannsóknir o.fl. sem tengist sjálfstrausti og sjálfsmýnd barna. Lagt var með þann stuðning sem æskilegt væri að fá frá heimilinu. Einingning rætt við foreldra um að þau myndu fá "tæki og tól" sem nýtast þeim í að aðstoða börn sín í framhaldinu og halda efni námskeiðsins á lofti. Kennrarar voru á námskeiði hjá þeim í allan veturna að nota Verkfærakistuna, tæki til að vinna með nemendur til að efla líðan og trú þeirra á sjálfum sér. Vegna covid er síðasti fyrirlestrartími hjá kennurum eftir og einnig fyrirlestur fyrir foreldra. Kláraðir voru 5 af 6 fyrirlestrum.
- Síðan var markmið að búa til skjal þar sem segir um sameiginlega ábyrð nemenda og skólans. Í dag er til plagg um sameiginlega ábyrgð foreldra og skólans. Sjá inn á heimsíðu skólans <http://www.storuvogaskoli.is/skolastarfid/sameiginleg-abyrgd>. Þetta átti að gera á skólapíngi og munum við gera það í október. Lokapunktur í verkefninu.

Kynning á verkefninu:

Covid hafði áhrif á endinn á verkefninu, kynnum verkefnið á heimsíðu skólans, skólastjóri skrifar fréttabréf og gerð skil á hausthátíð skólans.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

- Myndband birt á heimsíðu skólans og í skólaslitaræðu skólastjóra.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa Sprotasjóð um:

Við höfum ákveðið að hafa þessa tíma áfram á næsta skólaári og klára það sem við náðum ekki, virkja betur hjá okkur bekkjafundi og halda áfram að fá foreldrasamfélagið að vinna með okkur að þessum þáttum. Mjög mikilvægt að nemendur hafi trú á sér og einhverjir hafi trú á þeim.

Vogum í júní 2020

Hálfdan Þorsteinsson
Skólastjóri